


## Saga sjúkráþjálfunar



Sagan geymir lýsingar af sjúkráþjálfunar-meðferð allt frá árinu 2600 fyrir Kristsburð, en þó er talið að rekja megi upphaf greinarinnar til 18. aldar. Forvígismaður hennar var sænskur áhugamaður um leikfimi, Per Henrik Ling að nafni en hann stofnaði Gymnastik Institut í Stokkhólmi. Lengi vel var starf sjúkráþjálfara ekki metið sem skyldi og jafnvel óljóst hvernig skilgreina ætti hlutverk þeirra. Í gegnum tíðina hefur sjúkráþjálfunarstarf hins vegar smám saman verið skilmerkilega útlistað. Í dag er fagið í mikilli sókn sem hliðar- og stoðgrein læknisfræði og starfsvettvangur sjúkráþjálfara breiðkar með ári hverju. Hlutverk sjúkráþjálfara snýr aðallega að greiningu, mati og ýmiss konar meðhöndlun á trufnunum á hreyfigetu sem stafa oftast af vandamálum í stoðkerfi líkamans. Á seinni árum hafa sjúkráþjálfarar einnig í aukunum mæli unnið að forvarnarstarfi á vinnumarkaðinum sem og sinnt ráðgjöf og meðferð hjá þátttakendum í íþróttum.

Þróun starfsstéttarinnar á Íslandi hófst upp úr 1930, en þá unnu sjúkráþjálfarar eða svokallaðar „nuddkonur“ á stofum hjá nuddlæknum sem svo voru nefndir. Sjálfar höfðu þær þó ekki heimild til stofureksturs í Reykjavík. Um 1940 eru þrjár slíkar stofur starfræktar en nuddkonur voru þó ýmist meðeigendur eða launþegar. Sama ár, þann 26. apríl stofna áttá konur Félag íslenskra nuddkvenna. Sex af þessum konum höfðu hlotið menntun erlendis en tvær voru menntaðar hér á landi í Nuddlækingaskóla Jóns Kristjánssonar, nudd- og gigtarlæknis. Í fyrstu lögunum kemur fram að markmið félagsins sé að semja launataxta sem allir félagsmenn fari eftir og að gæta hagsmuna stéttarinnar á sama grundvelli og almenn stéttarfélög. Eftir því sem fjölgaði í stéttinni hófst baráttan fyrir löggildingu starfsins. Fyrstu löggildingarskírteinin voru afhent á félagsfundi 12. des 1956. Árið 1962 var nafni félagsins breytt í Félag íslenskra sjúkráþjálfara (FÍSP) en þá voru a.m.k þrír karlmenn í félaginu. Sama ár eru fyrstu lögin um sjúkráþjálfun samþykkt á Alþingi. Ný lög voru lögð fram á Alþingi og samþykkt árið 1976 eftir langt þóf félagsins með heilbrigðisráðherra, lögfræðingi heilbrigðisráðuneytisins, heilbrigðisnefnd Alþingis og endurhæfingarlæknum.

Á þessum árum komu sjúkráþjálfarar einnig að íþróttakennslu í skólum og voru viðstaddir læknisskoðun barna. Síðar starfa þeir einkum á sjúkrahúsum og stofnunum en upp úr 1980 færirst í vöxt að sjúkráþjálfarar opni einkastofur og árið 2000 eru þær orðnar um 50 talsins. Í kjölfar þeirrar aukningar sem varð á fjölda sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara á 8. og 9. áratugnum - bæði þeirra sem stóðu í eigin rekstri og hinna sem störfuðu á stofum sem reknar voru af öðrum – hófst samstaða um stofnun félags þeirra sem störfuðu sjálfstætt. Það var úr árið 1990 að FSSS eða Félag sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara var sett á laggirnar. Afráðið var að félagið skyldi fyrst og síðast sinna hagsmunagæslu félagsmanna sinna og vinna að bættum kjörum þeirra.

Eins og málum er háttað í dag er Félag íslenskra sjúkráþjálfara því fagfélag en Félag sjálfstætt starfandi sjúkráþjálfara, hagsmunafélag..